



## Austurrískt skógræktarfólk í heimsókn

Dagana 19.-26. júní var 37 manna hópur frá Skógræktarsambandi Efra-Austurríkis og Salzburg (Forstverein für Oberösterreich und Salzburg) í heimsókn hér á landi. Voru þátttakendur frá hinum ýmsu hliðum skógræktar í Austurríki – ráðgjöf, stjórnsýslu, fræðingum o.fl. auk skógareigenda. Fór hópurinn í viku hringferð um landið og kynnti sér land og þjóð, auk þess sem sérstök áhersla var auðvitað lögð á skóga og skógrækt hér á landi.

Heimsóttu ferðalangarnir meðal annars Haukadalsskóg, þar sem Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi tók á móti þeim, Hallormsstaðaskóg, þar sem þeir nutu leiðsagnar Þrastar Eysteinsonar, sviðsstjóra þjóðskóga hjá Skógrækt ríkisins og skóginn í Reykholti, þar sem sr. Geir Waage fræddi þá um skóginn og staðinn Reykholt, auk þess sem þeir skoðuðu birkiskóga í Skafta-



*Jón Ásgeir Jónsson, starfsmaður Skógræktarfélags Íslands, sýnir sjálfsáíð birki á Skeiðarársandi. Fannst gestunum mjög merkilegt að sjá hversu mikið birkið er farið að breiða úr sér. (Mynd:RF).*

*T.v. Á Eggertsflöt í Reykholti fræddi sr. Geir Waage hópin um sögu Reykholtis og skógarins þar (Mynd: RF).*

*Að neðan. Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi, tók á móti hópnum í Haukadalsskógi og sagði frá skógrækt þar. Hann fékk svo, eins og aðrir sem tóku á móti hópnum, skemmtilegar skógargjafir frá Austurríki, meðal annars forlátá útskorið tré (Mynd:RF).*



felli, Ásbyrgi og fleiri stöðum. Fylgdu starfsmenn Skógræktarfélags Íslands hópnum hluta ferðarinnar og kynntu málefni skógræktar hér á landi, auk þess að segja frá því sem fyrir augu bar.

Voru ferðalangarnir hæstánægðir með heimsóknina í lok ferðar, enda margt að sjá og veður með besta móti mestan hluta leiðarinnar.



# Skógrækt á stafrænni öld



Æ fleiri skógræktarfélög hafa hreiðrað um sig á netinu enda er það frábær vettvangur til að koma upplýsingum til félaga um það sem er á döfnni. Jafnframt má nýta það til að vekja athygli almennings á starfinu og afla nýrra félaga. Nokkur skógræktarfélög eru lítt sem ekkert sýnileg í netheiminum en vonandi bæta þau úr því innan tíðar.

Hægur vandi er að koma sér upp netsíðu og ýmsar einfaldar og notendavænar leiðir færar. Þannig tekur aðeins fáeinir mínútur að búa til einfalda Facebook-síðu. Á vefsvæði Skógræktarfélags Íslands, [www.skog.is](http://www.skog.is), geta félögin sett upp undirsíðu í eigin nafni án mikillar fyrirhafnar. Þá stendur fólki til boða fjöldinn allur af samskiptasíðum, bloggsvæðum og gagnageymslum sem hægt er að nýta sér án endurgjalds.

Mælt er með því að félög komi sér bæði upp hefðbundnu vefsvæði og Facebook-síðu. Fólki er misduglegt að sækja vefsvæði félagasamtaka en flestir nota Facebook daglega og fá þá uppfærslur og

tilkynningar beint í æð. Jafnframt hafa þeir möguleika á að deila uppfærslunum með öðrum og hjálpa þannig til við að breiða út boðskapinn. Þá er einnig upplagt að halda úti póstlista til að koma áminningum og tilkynningum til félaga.

Á vefsvæði og Facebook-síðu er mikilvægt að fram komi grundvallarupplýsingar um félagið og starfsemi þess. Þá er hægt að setja þar inn ýmsan fróðleik um skógræktarreitir félagsins, sögu þess, hollráð um ræktun eða annað sem skógræktarfolk kann að hafa áhuga á. Miklu skiptir að vefsvæðinu sé haldið lifandi með reglulegum uppfærslum, fréttum, frásögnum, ljósmyndum eða myndskreiðum.

Allt miðar þetta að því að gera skógræktarfélagið sýnilegra og vekja áhuga almennings á starfi þess. Aukin netvirkni getur einnig stuðlað að meiri samheldni og tengslum félaga á milli sem finna þar vettvang til að deila reynslu sinni og skiptast á skoðunum. Skógræktarfélög hafa því ótvírætt hag af því að vera sýnileg á netinu og eru þau félög sem enn hafa ekki komið sér upp síðu þar hvött til að bæta úr því sem fyrst.

Einar Örn Jónsson  
Skógræktarfélagi Íslands

## Háskólanemar í heimsókn

Hópur nema af braut Skógfræði og landgræðslu í Landbúnaðarháskóla Íslands heimsótti Skógræktarfélag Íslands þann 4. september til að kynna sér starfsemi þess.

Horfðu nemarnir á mynd um starf skógræktarfélaganna (sem aðgengileg er á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – [www.skog.is](http://www.skog.is), undir Félagið-Myndbönd) og því næst sögðu starfsmenn félagsins frá helstu verkefnum sem þeir sinna, t.d. Landgræðsluskógum, atvinnuátaki og gróðursetningum grunnskólubarna á vegum Yrkjusjóðs. Voru nemarnir duglegir að spyrja út í hina ýmsu þætti starfsins. Verður fróðlegt að fylgjast með þessum nemum er frá líður!



Nemarnir hlýða á fróðleik um Landgræðsluskóga (Mynd:RF).

# Fulltrúafundur Skógræktarfélag Íslands 2012

Fulltrúafundur Skógræktarfélag Íslands 2012 var haldinn að Úlfjótuvatni laugardaginn 14. apríl, í Strýttunni – Útilífsmiðstöð Skáta.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands, setti fundinn. Því næst tók við frumsýning á tveimur nýjum kynningar- myndum, um starf skógræktarfélaganna og Græna stíginn. Kynnti Óskar Þór Axelsson kvikmyndagerðarmaður myndirnar, en hann vann þær í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands og þá sérstaklega Einar Örn Jónsson. Aðra myndina má nú skoða á heimasíðu Skógræktarfélag Íslands - www.skog.is (undir Félagið - Myndbönd), hin verður sett á vefinn síðar.

Að sýningu myndanna lokinni tók til máls Ólafur J. Proppé, formaður fræðsluráðs í stjórn Bandalags íslenskra skáta, og sagði frá starfsemi Skáta á Úlfjótuvatni, er spannar sjö áratugi, sem og frá stefnumörkun skátanna. Því næst kynnti Auður Sveinsdóttir, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands, nokkrar hugmyndir að land- nýtingu á Úlfjótuvatni, sem nemendur á umhverfisskipulags- og skóg- ræktarbraut Landbúnaðarháskóla Íslands unnu. Kenndi þar ýmissa grasa og vakti til dæmis hugmynd um „tásustíg“ nokkra athygli, en þar er átt við stíg með fjölbreytt yfirborð, sem fólk gengur berfætt eftir.

Björn Traustason, Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá, fjallaði svo um eignarhald á skógum, en greining á því hefur verið unnin út frá gögnum Íslenskrar skógarúttektar og var áhugavert að sjá hversu öflug skógræktarfélagin hafa verið í að skógvæða landið. Síðastur á mælendaskrá var Böðvar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Skógræktar-



Þátttakendur á fulltrúafundi Skógræktarfélag Íslands við Úlfjótsvatnskirkju.

félag Árneseinga, og fór hann yfir kvæmi til jóla- trjáaframleiðslu. Þátttakendur skiptu sér svo á milli tveggja um- ræðuhópa; annars vegar um Úlfjót- vatn og framtíðar- horfur og mögu- leika þar, og hins vegar um jólatré, framleiðslu þeirra og sölu. Fulltrúafundinum lauk svo með vettvangsferð um Úlfjótuvatn. Var litið yfir svæði Skólaskóga, þar sem grunnskólar í Reykjavík hafa gróðursett plöntur frá Yrkjusjóði í vel á annan áratug, og Bernskuskóga. Einnig var litið við á bænum Úlfjótuvatni og haldið til Úlfjótsvatnskirkju. Ferðin endaði svo á móttöku í Strýttunni, þar sem hressing beið þátttakenda og voru ýmis skógræktarmál rædd þar.

## Laufblaðið

Fréttablað, 21. árgangur, 2. tölublað 2012.

### Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands  
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík  
Sími: 551-8150  
Heimasíða: www.skog.is

### Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir.  
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

### Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir og Einar Örn Jónsson.

### Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

### Stjórn Skógræktarfélag Íslands kjörin á aðalfundi 2012:

Magnús Gunnarsson formaður.  
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður.  
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri.  
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

### Meðstjórnendur:

Gísli Eiríksson  
Páll Ingbór Kristinsson  
Þuríður Yngvadóttir

### Varamenn:

Sigríður Heiðmundsdóttir  
Kristinn H. Þorsteinsson  
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru  
aðalstyrktaraðilar  
Skógræktarfélag Íslands

 Arion banki



**TOYOTA**

# Skógræktarfélag Djúpavogs

## 60 ára

Skógræktarfélag Djúpavogs var stofnað sumardaginn fyrsta, þann 24. apríl 1952 og er því 60 ára í ár. Hélt félagið upp á það í skóginum í Hálsaskógi þann 16. júní, í blíðskaparveðri.

Séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir var með skógarmessu og Kristján Ingimarsson spilaði á gítar og söng. Síðan var gengið um Hálsaskóg og skoðaðar ýmsar nýjungar í skóginum, meðal annars hús sem félagið er nýbúið að klæða, bekki í „leikhúsinu“ sem Þór Vigfússon og Steinunn Björg Helgadóttir í Sólhól gerðu og skógarlistaverk sem Vilmundur Þorgrímsson í Hvarfi gerði og er nýbúið að setja upp. Allt er þetta gert úr efniviði úr Hálsaskógi.

Í Aðalheiðarlundi var afmælisveislan sjálf og var þar boðið upp á kaffi og meðlæti. Leikskólinn Bjarkatún opnaði svo sína sumarsýningu á listaverkum í skóginum.



Skemmtilegir „skógarpúkar“ eftir Vilmund Þorgrímsson (Mynd: Anna Sigrún Gunnlaugsdóttir).

## Haustferð Skógræktarfélags Garðabæjar

Fimmtánda haustferð Skógræktarfélags Garðabæjar var farin um Borgarfjörð. Björn Már Ólafsson, stjórnarmaður félagsins og einn eiganda í Sturlu-Reykjum, skipulagði ferðina. Um þrjátíu skógræktarfélagar lögðu af stað árla morguns úr Garðabænum. Fyrsta stopp var við bæinn Efri-Hrepp í Andakíl. Þar biðu hópsins hjónin Guðrún Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðjónsson, ásamt Sigvalda Ásgeirssyni framkvæmdastjóra Vesturlandsskóga, sem fenginn var sem leiðsögumaður fyrir daginn. Skoðaður var Stallaskógur, ræktunarsvæði fjölskyldunnar á bænum Efri-Hrepp, sem liggur á mörkum Andakíls og Skorradals. Skógræktarfélagar fengu fróðleik um ræktunarsögu og umhirðu þessa fallega skógar. Þar eru til dæmis hross sett á haustbeit til að snyrta skógarbotninn. Ekið var upp í Skorradal og komið í Háafellsskóg innan við Stálpastaðaskóg og gengið um skóginn, en þaðan var haldið í Reykholtssdal og komið við á höfuðbólínu Reykholti þar sem stendur myndarlegur skógarreitir í umsjá Skógræktarfélags Borgfirðinga. Séra Geir Waage tók á móti hópnum og leiðsagði um skógarstíga Reykholtsskógar. Í Reykholtsskógi var tekið upp nestið á meðan séra Geir fræddi hópinn um sögu liðinna alda á þessum sögu-



Það var ekki hægt að standast sveppina í Stallaskógi (Mynd: Erla Bil Bjarnadóttir).

fræga stað og sagði frá tilurð skógarins. Að lokum voru þau Björn Már Ólafsson og Sigríður Ólafsdóttir heimsótt í sumarbústað þeirra á Sturlu-Reykjum. Björn Már sagði frá hitaveitu staðarins, síðan þáðu skógræktarfélagar kaffi og kakó með nýbökðu bakkelsi Sigríðar. Gengið var um ræktun þeirra, en aðallega tíndi fólk upp í sig bláberin, sem ekki var hægt að komast hjá án þess að stíga ofan á þau. Að því loknu hélt hópinn sæll og ánægður aftur heim á leið.

# Landsins mesta úrval af girðingaeefni

Leitið tilboða hjá  
sölumönnum okkar



  
**LÍFLAND**  
[www.lifland.is](http://www.lifland.is)

Lynghálsi 3, Reykjavík og Lónsbakka, Akureyri

# Sumri fagnað undir Jökli

Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli á Hellissandi fagnar jafnan sumri á fyrsta sumardag með því að efna til mannfagnaðar í skógræktar-garðinum Tröð. Á þessum degi er merki Opins skógar og fánar styrktaraðila þess verkefnis dregnir að húni á þremur fána-stöngum við Tröðina.

Í ár lék veðrið við hóp fólks sem kom til að fagna með skógræktarfólkinu. Fánarnir voru dregnir að húni og síðan genginn hringur um skógræktarsvæðið. Að göngunni lokinni var haldið í Hótel Hellissand og sest þar að góðum veitingum. Kay Wiggs stjórnaði þar fjöldasöng sem var vel tekið undir.

Þá mætti þar einnig skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar, Valentína Ingólfsson, með einn nemanda sinn, átta ára dreng, Dariusz Dubaj. Hann lék nokkur lög á píanó og tókst það með miklum ágætum og fékk hann miklar og góðar undirtektir fyrir leik sinn. Sumarfagnaðurinn tókst því með ágætum vorið 2012.



Yngstu borgararnir létu sig ekki vanta (Mynd: Hrefna Magnúsdóttir).

## HAFKORN

### Kalkþörungur - Jarðvegsbætiefni

Vantar kalk og steinefni í jarðveginn?

**HAFKORN** er kornaðir kalkþörungur sem leysast fljótt upp í jarðvegi. Gróðurinn byrjar strax að nýta sér hin fjölmörgu stein- og snefilefni sem í því eru.

**HAFKORN** bætir uppbyggingu jarðvegsins ásamt því að auðvelda upptöku næringarefna og viðhalda réttu sýrustigi.

Fæst í Garðheimum og verslunum Blómavals.

#### Innihald:

Kalsíum	CaCO <sub>3</sub>	85%
Magnesíum	MgO	11,5%
Fosfór	P	0,08%
Kalí	K	0,1%
Brennisteinn	S	0,45%

Auk þess mikill fjöldi annarra nauðsynlegra stein- og snefilefna.



# Minningarlundur um Hjálmar R. Bárðarson og Else S. Bárðarson

Hjálmar R. Bárðarson fyrrverandi siglingamálastjóri, sem lést 7. apríl árið 2009, lét eftir sig töluvert miklar eignir. Kona hans, Else Sörensen Bárðarson, lést um það bil ári fyrr. Hjálmar arfleiddi sex aðila að öllum eignum þeirra hjóna og var Landgræðslusjóður einn af erfingjunum og erfði 30% af eignum dánarbúsins. Skyldi Landgræðslusjóður, samkvæmt óskum Hjálmars, verja fjármununum til landgræðsluskógræktar, einkum þar sem land hefur verið forræktað með lúpínu.

Á síðastliðnu ári gerðu Landgræðslusjóður og Landgræðslaríkisins með sársamningum landgræðsluskógrækt á Ássandi í Kelduhverfi í Öxarfirði og gerð sérstaks minningarlundar um hjónin Hjálmar og Else Bárðarson. Landsvæðið sem um ræðir er í eigu Landgræðslu ríkisins og sáu starfsmenn hennar um allan undirbúning og framkvæmd verkefnisins en Landgræðslusjóður greiddi kostnað við það.

Minningarlundurinn er staðsettur norðan þjóðveggar gegnt Ásbyrgi. Þar var gróðursett töluvert af pottaplöntum af birki og reyniviði umhverfis bautastein með áletraðri málmplötu um þau hjón. Bílaplan var útbúið við lundinn og göngustígur frá því og að steininum.

Töluvert norðar á sandinum, í gisnum lúpínu-breiddum, fór hin eiginlega landgræðsluskógrækt fram, en þar var bæði plantað nokkru af reyniviði úr pottum



*F.v. Þuríður Yngvadóttir, Magnús Gunnarsson, Guðbrandur Brynjúlfsson, Guðmundur Stefánsson og Jón Loftsson við bautasteininn (Mynd:ÞY).*

og auk þess um 40 þúsund bakkaplöntum af birki.

Þann 28. júní fóru fjórir af fimm stjórnarmönnum í Landgræðslusjóði í ferð á Ássand til að skoða minningarlundinn og gróðursetningar á sandinum. Sveinn Runólfsson komst ekki með vegna veikinda, en Guðmundur Stefánsson sviðsstjóri landverndarsviðs Landgræðslu ríkisins var á staðnum og Daði Lange Friðriksson héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Norðausturlandi, en hann sá um framkvæmdirnar sem hér um ræðir.

## Heimsóknir til skógræktarféлага

Líkt og undanfarin sumur heimsótti erindreki Skógræktarfélags Íslands, Jón Ásgeir Jónson, skógræktarfélag vítt og breitt um landið í sumar. Í heimsóknunum var vanalega gengið um skógræktarsvæðin, málefnið rætt í þaula, ráðgjöf veitt ef hægt var og geispan brúkuð eða keðjusögin þanin eftir atvikum.

Svæði skógræktarfélaganna vaxa óðum úr grasi og á æ fleiri stöðum fer grisjunarvinna og stígagerð að taka við plöntun sem aðalviðfangsefnið. Reynslan sýnir að notkun svæðanna margfaldast við lagningu einfalds stígs, jafnvel þótt svæðið sé auðvelt til gangs áður.

Nú eru landgræðsluskógaplöntur að ná þeirri hæð að þær veita skjól og skógarupplifun, auk þess sem eldri reitir félaganna bjóða upp á slíka upplifun nú þegar. Vel má rökstyða að vegna dugnaðar félags-



*Staðarborg í Breiðdal. Þar stendur til að hefja stígagerð og nýja aðkomu á næsta ári (Mynd:JÁJ).*

manna séu flest sveitarfélög á landinu að eignast sinn útivistarskóg eða skóga.

# Málaflokkur skógræktar færir í nýtt Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti tók til starfa laugardaginn 1. september við tilflutning verkefna úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Við breytingarnar munu rannsóknir á auðlindum og ráðgjöf um nýtingu þeirra verða verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Ráðuneytinu er í því sambandi falið að setja viðmið um sjálfbæra nýtingu allra auðlinda. Í ráðuneyti eru fjórar fagskrifstofur, auk skrifstofu yfirstjórnar, sem verður undir stjórn ráðuneytisstjóra. Málafni skógræktar falla undir fagskrifstofu landgæða.

Málafni skógræktar féllu lengi vel undir landbúnaðarráðuneytið, en við stjórnarmyndun 2007 var ákveðið að færa málafni skógræktar undir umhverfisráðuneytið frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Endanleg niðurstaða varð hins vegar sú að Skógrækt ríkisins, ásamt framlögum til Skógræktarfélags Íslands og Heklusköga, voru vistuð hjá umhverfisráðuneytinu en landshlutaverkefni í skógrækt, ásamt forræði yfir löndum Skógræktar ríkisins og hluti af fjárveitingum til rannsókna á vegum Skógræktar ríkisins, urðu eftir í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Með þessari nýju verkaskiptingu er því aftur búið að sameina málaflokkinn skógrækt í eitt ráðuneyti, eins og ýmsir skógræktaraðilar hafa kallað eftir.



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

**75 YEARS**

**KÄRCHER®**

## Háprýstidælur

Þegar gerðar eru hámarkskröfur

**Teg: K 3.500**  
120 bör max  
460 ltr/klst

**Teg: K 7.400**  
160 bör max  
600 ltr/klst

**Teg: K 6.300**  
150 bör max  
550 ltr/klst

**Teg: K 5.700**  
140 bör max  
460 ltr/klst

**Teg: K 2.21**  
110 bör max  
360 ltr/klst

+50% POWER

**RAFVER** KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · Fax 568-0215 · www.rafver.is

FAGMENNSKA ALLA LEIÐ



# Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

## Reykjavík

Alþýðusamband Íslands,  
www.asi.is, Sætúni 1  
Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d  
B.K.flutningar ehf,  
Krosshömrum 2  
Bílasmiðurinn hf, sími 567 2330,  
Bíldshöfða 16  
Brim hf, Bræðraborgarstíg 16  
Bræðurnir Ormsson ehf,  
Síðumúla 9  
BSR ehf, Skógarhlíð 18  
E.T. ehf, Klettagörðum 11  
Efling stéttarfélag, Sætúni 1  
Ernst & Young hf, Borgartúni 30  
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1  
Fiskmarkaðurinn ehf,  
Aðalstræti 12  
Flügger, Stórhöfða 44  
Gjögur hf, Kringlunni 7  
Guðmundur Jónasson ehf,  
Borgartúni 34  
Gullsmiðurinn í Mjódd,  
Álfabakka 14b  
Hilmar D. Ólafsson ehf,  
Eldshöfða 14  
Íslensk erfðagreining,  
Sturlugötu 8  
Kjarian ehf, Síðumúla 12-14  
KOM almannatengsl, Höfðatorgi  
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11  
Landvernd, Skúlatúni 6  
Lífstykkiabúðin ehf, Laugavegi 82  
Loftstokkahreinsun.is,  
sími 567 0882, Garðhúsum 6  
Logaland - Heilbrigðisvörur,  
Tunguhálsi 8  
Löndun ehf, Kjalarvogi 21  
Melabúðin ehf, Hagamel 39  
Óv vélar ehf, Jörfagrund 50  
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23  
Raftíðni ehf, Grandagarði 16  
Rarik ohf, Bíldshöfða 9  
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu  
Samiðn, Borgartúni 30  
Sláturfélag Suðurlands svf,  
Fosshálsi 1  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs,  
Skógarhlíð 14

Stépp ehf, Ármúla 32  
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17  
T. ark Teiknistofan ehf,  
Brautarholti 6  
Tannsmiðjan Króna sf,  
Suðurlandsbraut 46  
Tannþing ehf, Þingholtsstræti 11  
Umhverfis- og samgöngusvið  
Reykjavíkurborgar,  
Borgartúni 12-14  
Veiðikortið ehf, Kleifarseli 5  
Verðbréfaskráning Íslands hf,  
Laugavegi 182  
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf,  
Hraunbergi 4  
Vélfang ehf, Gylfaflöt 32  
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20

## Kópavogur

Hvellur - G. Tómasson ehf,  
Smiðjuvegi 30  
Innviðir ehf, sími 564 3636,  
Smiðjuvegi 36  
Kríunes ehf,  
Kríunesi við Vatnsenda  
Ljósvakinn ehf, Vesturvör 30b  
MHG verslun, Akralind 4  
Rafmiðlun hf, Ögurharvi 8  
Reyk- og eldþéttingar ehf,  
Akralind 4  
Vaki fiskeldiskerfi hf, Akralind 4  
Vetrarsól ehf, verslun, Askalind 4

## Garðabær

Fagval ehf, Smiðsbúð 4  
Ferðapjónustan Ísafold ehf,  
Suðurhrauni 2b  
Garðabær, Garðatorgi 7  
Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45  
Manus ehf, Smiðsbúð 7  
Samhentir Umbúðarlausnir,  
Suðurhrauni 4  
Öryggisgirðingar ehf,  
Suðurhrauni 2

## Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf,  
Álfhelli 1  
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15

Hlaðbær-Colas hf,  
malbikunarstöð, Gullhelli 1  
Nonni Gull, Strandgötu 37  
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8  
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4  
Trésmiðjan okkar ehf,  
Lyngbergi 19a  
Verkalýðsfélagið Hlíf,  
Reykjavíkurvegi 64

## Reykjanesbær

Aflbinding - Járnverktakar ehf,  
Kliftröð 5  
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12  
Samband sveitarfélaga á  
Suðurnesjum, Skógarbraut 945  
Suðurflug ehf, Keflavíkflugvelli  
Toyota Reykjanesbæ,  
Njarðarbraut 19

## Grindavík

Einhamar Seafood ehf,  
Verbraut 3a

## Mosfellsbær

Glertækni ehf, Völuteigi 21  
Nonni litli ehf, Þverholti 8  
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6

## Akranes

Bjarmar ehf, vélaleiga,  
Hólmaflöt 2  
Gísli Stefán Jónsson ehf,  
Stillholti 7

## Borgarnes

Borgarbyggð, Borgarbraut 14  
Eyja- og Miklaholtshreppur,  
Hjarðarfelli 2  
Laugaland hf, Laugalandi  
Sæmundur Sigmundsson ehf,  
Brákarbraut 20

## Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf,  
Aðalgötu 24  
Þ.B. Borg ehf, Silfurgötu 36

# Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

## Ólafsvík

Útgerðarfélagið Guðmundur ehf,  
Brautarholti 18

## Ísafjörður

Bílaverið ehf, Sindragötu 14  
Ferðapjónustan í Heydal,  
Mjóafirði  
Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi  
Orkubú Vestfjarða hf,  
Stakkanesi 1

## Súðavík

Súðavíkurreppur,  
Grundarstræti 3

## Hvammstangi

Húnaþing vestra,  
Hvammstangabraut 5

## Blönduós

Glaðheimar sumarhús á bökkum  
Blöndu - opið allt árið  
Sveitabakarí sf, Auðkúlu 1

## Skagaströnd

Elfa ehf, Oddagötu 22  
Sveitarfélagið Skagaströnd,  
Túnbraut 1-3

## Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1  
Skagafjarðarveitur ehf,  
Borgarteigi 15  
Stoð, verkfræðistofan ehf,  
Aðalgötu 21

## Siglufjörður

Aðalbakarinn ehf, Aðalgötu 28

## Akureyri

Gróðrarstöðin Réttarhóll,  
sími 462 1660, Smáratúni 16b  
Höldur - Bílaleiga Akureyrar,  
Tryggvabraut 12  
Ísgát ehf, Furulundi 13f  
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b

Norðurorka hf, Rangárvöllum  
Raftákn ehf, Glerárgötu 34

## Dalvík

Promens Dalvík ehf,  
Gunnarsbraut 12

## Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

## Húsavík

Sorpsamlag Þingeyinga ehf,  
Víðimóum 3

## Laugar

Gistiheimilið Stóru-Laugar,  
sími 464-2990, Stóru-Laugum

## Mývatn

Eldá ehf, Helluhrauni 15  
Jarðböðin við Mývatn,  
Jarðbaðshólum

## Vopnafjörður

Vopnafjarðarhreppur,  
Hamrahlíð 15

## Egilsstaðir

Barri hf Gróðrarstöð,  
Valgerðarstöðum 4  
Bílamálun Egilsstöðum ehf,  
Fagradalsbraut 21-23  
Dagskráin Austurlandi,  
Miðvangi 1  
Héraðsskjalasafn Austfirðinga,  
Laufskógum 1  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,  
Einhleypingi 1

## Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður,  
Hafnargötu 44

## Reyðarfjörður

Tærgesen ehf, Búðargötu 4  
Þvottabjörn ehf, Búðareyri 25

## Eskifjörður

Fjarðaprif ehf, Kirkjustíg 2

## Neskaupstaður

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,  
Hafnarbraut 10  
Síldarvinnslan hf, útgerð,  
Hafnarbraut 6  
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

## Höfn í Hornafirði

Hornabrauð ehf, Litlubrú 1  
Skinney - Þinganes hf,  
Krossey

## Selfoss

Búnaðarfélag Bláskógarbyggðar,  
Dalbraut 1  
Búnaðarsamband Suðurlands,  
Austurvegi 1  
Ölur, skógræktarstöð,  
Sólheimum Grímsnesi

## Hveragerði

Ficus ehf, Bröttuhlíð 2

## Þorlákshöfn

Gróðrarstöðin Kjarr, Kjarri  
Hraunsós ehf, Hrauni 1b

## Flúðir

Flúðafiskur, Borgarási  
Gröfutækni ehf, Iðjulsóð 1

## Hella

Vörufell ehf,  
Rangárbökkum 2

## Hvolsvöllur

Búaðföng, Bakkakoti 1

## Vestmannaeyjar

Vélaverkstæðið Þór ehf,  
Norðursundi 9

## Opinn dagur í Fossselsskógi

„Þetta tókst ljómandi vel og allir voru ánægðir með daginn“ sagði Agnes Þórunn Guðbergsdóttir, formaður Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga, en opinn dagur var haldinn í Fossselsskógi sunnudaginn 8. júlí.

Fræddi Gaukur Hjartarson fólk um fugla skógarins, farið var í gönguferð eftir nýjum göngustígum um skóginn og endað á að drekka ketilkaffi við nýtt áningarborð við Kvennabrekku. Einnig var afhjúpað minningarskilti um Friðgeir Jónsson og minntist systursonur hans, Árni Sigurbjarnarson, hans með nokkrum orðum.

Friðgeir fæddist í Ystafelli í Kinn í Suður-Þingeyjarsýslu, en hann bjó lengi félagsbúi þar á bæ með Sigurði bróður sínum og Kolbrúnu konu hans. Friðgeir vann auk bústarfa við smíðar og stundaði skógrækt og umhirðu nýskóga frá því að skógrækt hófst í Fellsskógi austanvert í Kinnarfelli.

Fossselsskógur er sunnan við bæinn Vað, austan megin við Skjálfafljót, á leið frá Kinn yfir í Aðaldal. Agnes segir að ætlunin sé að gera skóginn aðgengilegan sem útivistarsvæði fyrir almenning og var opni dagurinn liður í að kynna skóginn og það sem hann hefur upp á að bjóða. Ráðist var í gerð göngustíga í fyrirasumar og hafa þeir verið litamerktir, þá hefur vegur að skóginum verið gerður fólksbílafær sem ekki var áður og er nú hægt að aka að Geiraseli, litlu timburhúsi í skóginum og niður að Kvennabrekku. Næsta sumar stendur svo til að setja upp skilti við eyðibýlið Fosssel og koma fyrir yfirlitskorti við inngang að skóginum.



Boðið upp á ketilkaffi (Mynd: Agnes Þórunn Guðbergsdóttir).



Klara H. Haraldsdóttir afhjúpar minningarskilti um Friðgeir Jónsson (Mynd: Jóhanna Jónsdóttir).

### Fallegur lerkiskógur í Kvennabrekku

Kvenfélög innan Kvenfélagasambands Suður-Þingeyinga afhentu á opna deginum nýtt áningarborð til afnota fyrir gesti skógarins og er það smíðað hjá Skógræktinni á Vöglum. Er borðið við Kvennabrekku, en þar er nú fallegur lerkiskógur, sem konur úr ýmsum kvenfélögum innan Kvenfélagasambandsins gróðursettu þann 19. júní 1985 í tilefni af því að kvennaáratugi Sameinuðu þjóðanna var að ljúka og í tilefni af 70 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Þá var gróðursett sem svaraði einni plöntu fyrir hverja þingeyska konu, alls um 2000 trjám.

### Hátt í 400 þúsund plöntur

Fosssel er í um 100 metra hæð yfir sjó. Landið umhverfis var girt árið 1951, en hafist var handa við að planta í skóginn á vegum Skógræktarinnar á Vöglum árið 1958. Friðgeir vann við plöntun og grisjun í skóginum. Hafði hann frá árinu 1973 fasta umsjón með honum og allt til ársins 1992. Síðustu æviárin bjó Friðgeir á Húsavík ásamt sambýliskonu sinni, Klöru H. Haraldsdóttur frá Kaldbak á Rangárvöllum. Árið 1989 byggði Friðgeir lítið timburhús fyrir Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga sem afdrep fyrir gesti og starfsmenn. Húsið er nefnt Geirasel og afhjúpaði Klara minningarskjöld við húsið á opna deginum. Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga hefur haft umsjón með Fossselsskógi frá árinu 1960, en búið er að gróðursetja hátt í 400 þúsund plöntur í skóginn, mest rauðgreni. Gott berjaland er í skóginum að sögn Agnesar og þar er einnig mikið um skógarsveppi.

# Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

		
		
		
		
		
		
		

Skógræktarfélag Íslands þakkar styrktaraðilum  
kærlega fyrir stuðninginn.

# Skógar- og útivistardagur fjölskyldunnar

Laugardaginn 18. ágúst hélt Skógræktarfélag Hafnarfjarðar árlegan Skógar- og útivistardag fjölskyldunnar hátíðlegan í blíðskaparveðri. Þrátt fyrir að á sama tíma væri Menningarnótt í Reykjavík mætti þó nokkur mannfjöldi í Vatnshlíð við Hvaleyrarvatn kl. 14 þar sem afhjúpun bautasteins með koparskildi til minningar um hjónin Hjálmar Rögnvald Bárðarson og Else Sörensen Bárðarson fór fram. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hlaut styrk úr Hjálmarssjóði fyrir einu ári til að rækta upp landsvæði í Vatnshlíð sem er þakið lúpínu en þar var örfoka land fyrir nokkrum áratugum. Hafist var handa síðasta haust við að gróðursetja nokkur þúsund stálpaðar trjáplöntur af margvíslegum gerðum í Vatnshlíðinni og önnuðust sjálfboðaliðar úr röðum félagsmanna gróðursetninguna.

Á liðnum vetri var hafist handa við að útbúa svonefndan Vatnshlíðarlund í miðri hlíðinni og leggja göngustíga víðsvegar um hlíðina til að auðvelda aðkomuna. Landslagsarkitektinn Þráinn Hauksson



Guðrún K. Hafsteinsdóttir og Gunnþór Ingason við minningarstein um hjónin Hjálmar R. Bárðarson og Else Bárðarson í Vatnshlíð við Hvaleyrarvatn (Mynd: Rósa Sigurbergsdóttir).

hannaði reitinn sem myndar skeifu sem hlaðin er úr grjóti og myndar einskonar setbekk þar sem gott er að tylla sér og horfa yfir umhverfið. Verktakarnir Kristján

Ingi Gunnarsson og Bjarni Sigurðsson sáu um framkvæmdina undir stjórn starfsmanna Skógræktarfélagsins og sáu þeir jafnframt um að útbúa þrjá litla fuglahólma í vestanverðu Hvaleyrarvatni, en ræktunarsvæði Skógræktarfélagsins umhverfis Hvaleyrarvatn er mjög vinsælt meðal fuglaljósmyndara.

Við afhjúpunina fluttu Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Guðbrandur Brynjúlfs-son, formaður Landgræðslusjóðs, stutt ávörp og minntust Hjálmars og Else og sögðu frá verkefninu. Gunnþór Ingason prestur helgaði svæðið áður en Guðrún Kristín Hafsteinsdóttir, frænka Hjálmars R. Bárðarsonar, afhjúpaði bautasteininn.

Að athöfninni lokinni var gengið eftir stígum í Vatnshlíðinni og síðan gengið eftir nýjum stíg sem liggur í gegnum skógarreit við norðvestanvert Hvaleyrarvatn og haldið umhverfis vatnið. Að göngunni lokinni var haldið í Selið, höfuðstöðvar Skógræktarfélagsins í Höfðaskógi, þar sem boðið var upp á kaffi og meðlæti.

Þar gátu börn farið í leiki og Þórður Marteinson harmonikkuleikari lék vel valin lög fyrir gesti og gangandi, en fjölmargir komu í heimsókn og nutu þess sem í boði var.



Gæði og gott verð



## Græna Jóhanna

Græna Jóhanna er Svansmerkt jarðgerðartunna frá Svíþjóð sem hefur þann frábæra eiginleika að þola frost allt að -25°C með sérstakri vetrarkápu.

Því má með sanni segja að þessi tunna sé hentug fyrir íslenskar aðstæður.

Græna Jóhanna hefur góða loftun, er létt að tæma og er 100% örugg gegn meindýrum.

Ítarlegar leiðbeiningar fylgja með.



# Nýjung fyrir erlenda ferðamenn til Íslands

Stór hluti erlendra ferðamanna kemur til Íslands til að upplifa einstæða náttúru þess, enda geyma kynningar þess erlendis oft vísanir í ís, eldfjöll og grjót og auðnir, þar sem græn gróðurlikja landsins undirstrikar fyrst og fremst andstæðu við auðnirnar. Skógar hafa því ekki spilað stórt hlutverk í ímynd landsins heldur miklu frekar skógleysið, fyrir utan hinn sígilda brandara um hvað á að gera ef þú villist í íslenskum skógi.

Til að kynna skóga og skógrækt betur fyrir ferðamönnum hingað settu Skógræktarfélag Íslands og Iceland Pro Travel á fót verkefni nú í sumar, undir yfyrskriftinni „Gróðursettu tré áður en þú ferð“ og hefur það nú í byrjun beinst að þýskum ferðalöngum. Á hverju fimmtudagskvöldi, áður en þeir halda heim, koma ferðamenn við á Esjumelum til gróðursetningar, þar sem starfsmaður frá Skógræktarfélagi Íslands tekur á móti þeim. Eftir smá leiðsögn um gróðursetningu fá ferðamenn að velja sér tré til gróðursetningar og eru algengar tegundir úr íslenskri skógrækt í boði – ilmbjörk, sitkagreni sembrafura, rússalerki og ilmreynir. Hefur þetta nýja stopp mælst vel fyrir meðal ferðamannanna og vakna ýmsar spurningar meðal þeirra. Sú algengasta er „Mun þetta tré virkilega vaxa hérna?“. Aðrar spurningar lúta helst að þeirri hæð sem trén geta vaxið upp í og tímenn sem það tekur, auk almennra spurninga um skógrækt á Íslandi.

Það sem af er sumars hafa um 1100 gestir gróðursett tré hér, sem verður að teljast góður árangur miðað við að þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á þetta markvisst. Vonir standa til að þetta verkefni komi til með að vaxa og dafna á næstu árum.



Þýskir ferðamenn hjálpast að við að setja niður fallega reyniplöntu á Esjumelum (Mynd:RF).

## Tré ársins 2012

Tré ársins 2012 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn að Brekkugötu 8 á Akureyri sunnudaginn 2. september. Tré ársins að þessu sinni er gráösp (*Populus x canescens*), en gráösp er blendingur milli blæspar (*P. tremula*) og silfuraspar (*P. alba*). Gráösp er vinsælt garð- og borgartré víða í Evrópu, V-Asíu og S- Rússlandi en einungis örfáar fullorðnar gráaspír er að finna hér á landi. Gráöspin að Brekkugötu 8 ber sterkari einkenni silfuraspar hvað blaðform og lit laufblaða varðar. Hún hefur myndað tígulegan stofn og formfagra krónu. Börkur á stofni trésins er afar hrjúfur og myndar þverhandarþykkan hrukkur sem gefa trénu ævintýrlegan blæ.

Útnefningin hófst á því að Sigrún Stefánsdóttir, formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga, bauð gesti velkomna. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, flutti ávarp og færði fulltrúum eigenda Brekkugötu 8 viðurkenningarskjal. Einnig flutti Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, ávarp og Hrefna Hjálmarsdóttir, sem starfaði lengi í húsinu, sagði frá því. Tréð var svo

formlega mælt. Reyndist það mest 13,55 m á hæð, en ummál stofns í 10 cm hæð frá jörðu var 2,68 m og í brjósthæð 2,3 m. Inn á milli atríða söng svo Kvintettinn Gráösp nokkur lög um land og skóga.

Nánar verður sagt frá Tré ársins í 2. tbl. Skógræktarritsins 2012.



Tré ársins 2012 er svipmikið og fallett tré (Mynd:EG)

# Opinn skógur að Laugalandi

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, opnaði Laugalandsskóg á Þelamörk formlega sem Opinn skóg sunnudaginn 26. ágúst. Af því tilefni var efnt til hátíðar- og skemmtidagskrár fyrir alla fjölskylduna í skóginum.

Hófst dagskráin með ávarpi Sigrúnar Stefánsdóttur, formanns Skógræktarfélags Eyfirðinga, en því næst opnaði Vigdís Finnbogadóttir skóginn formlega með því að klippa á borða við stíg inn í skóginn. Var því næst gengið að lundi í skóginum, en þar fluttu ávörp, auk Vigdísar, þau Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Bjarni Guðleifsson, fulltrúi Hörgárbyggðar, Tómas Ingi Olrich, fyrrverandi menntamálaráðherra og Margrét Sveinsdóttir, fulltrúi Arion-banka, en bankinn er megin styrktaraðili Opinna skóga, ásamt Skeljungu. Einnig flutti Jóhanna Oddsdóttir frumsamið ljóð um skóginn og Helgi og hljóðfæraleikararnir tóku lagið á milli atriða. Lauk samkomunni svo með hressingu í boði Skógræktarfélags Eyfirðinga – dýrindis bakkelsi og ketilkaffi að hætti skógarmanna. Lögðu um hundrað manns leið sína í skóginn af þessu tilefni og áttu ánægjulega stund í blíðskaparveðri.

Gróðursetning á Laugalandi hófst upp úr 1980, en það ár var gerður samningur við sýslunefnd Eyja-fjarðarsýslu um afnot félagsins af landi til skógræktar. Frá árinu 1982 og fram til 2000 gróðursettu nýstúdentar við Menntaskólann á Akureyri í landið í tilefni af útskriftinni. Helstu trjategundir í skóginum eru stafafura, lerki, birki og rauðgreni, en auk þess má finna ýmsar aðrar tegundir, enda hafa skilyrði til skógræktar reynst góð. Benda má á að Laugalandsskógur er rómað berja- og sveppaland.



Vigdís Finnbogadóttir opnar Laugalandsskóg formlega með því að klippa á borða, með aðstoð Magnúsar Gunnarssonar (Mynd:RF).



Þau sem fluttu ávörp (f.v.): Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, Margrét Sveinsdóttir, fulltrúi Arion banka, Bjarni Guðleifsson, fulltrúi Hörgárbyggðar, Tómas Ingi Olrich, fyrrverandi menntamálaráðherra og Sigrún Stefánsdóttir, formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga. (Mynd:EÖJ).



Gestir gæddu sér á ilmandi ketilkaffi (Mynd:BJ).



Helgi og hljóðfæraleikararnir fluttu hressileg skógarlög (Mynd: EÖJ).

# Sjálfbóðaliðar í skógarvinnu

Örninn sem verið hefur á flugi hjá skógi Skógræktarfélags Íslands í Brynjudal í Hvalfirði þurfti að deila veiðisvæði sínu hluta sumars, er hópur sjálfbóðaliða frá Seeds –samtökunum var þar að störfum. Er þetta annað sumarið í röð sem hópur frá Seeds kemur í vinnubúðir þarna. Dagana 9.-27. júlí voru sex sjálfbóðaliðar að störfum og komu þeir frá Tékklandi, Spáni, Þýskalandi, Hollandi og Ítalíu. Svo skemmtilega vildi til að verkstjóri af hálfu Skógræktarfélags Íslands var franskur, þannig að þetta var næstum því Evrópufundur!

Fyrsta verk hópsins var að koma sér upp þægilegum búðum, með aðgangi að vatni og nota- legu eldstæði, en annars vann hópurinn að ýmsum verkefnum, svo sem að fjarlægja ónýta girðingu, lagningu göngustígs og hreinsun á grisjunarviði úr skóginum, til að fá meira rými til að planta jólatrjám framtíðarinnar. Einnig var unnið við náttúrulega



F.v. Lana (Holland), Genís (Spánn), Eugenio (Ítalía), Sarka (Tékkland), Karolina (Tékkland) og Alexander (Þýskaland) (Mynd: Gabriel Pic).



Grisjunarviður hreinsaður úr skóginum (Mynd: Gabriel Pic).

heita laug sem finnst innarlega í dalnum. Byrjað var á því að hreinsa til í kringum laugina og því næst hlaðnar upp hleðslur úr grjóti og timbri í kringum hana, til að gera laugina alla snyrtilegri til notkunar fyrir þá sem leið eiga um.

Vinna sjálfbóðaliðanna var því oft líkamlega erfið og nokkuð tæknileg, en þau héldu samt öll í góða skapið og liðsandann. Gönguferðir, busl í Brynjudalsánni og kvöld við varðeldinn reyndust hin besta umbun erfiðisins.

Eftir tvær vikur í „útlegð“ í skóginum við erfiða vinnu mætti ætla að sjálfbóðaliðarnir hefðu verið farnir að hlakka til að komast í bæinn, en það var ekki reyndin. Þrátt fyrir flugnabit og blöðrur á tánum langaði þau flest til að vera aðeins lengur!

## Netfangaleikur Laufblaðsins

Á vormánuðum var efnt til Netfangaleiks Laufblaðsins, en allir félagar í skógræktarfélagum sem skráðir voru með virkt netfang voru með í leiknum. Fylgdi miði um leikinn með félagsskírteini ársins 2012, þar sem félagar voru hvattir til að skrá sig.

Dregið var úr netföngum þann 14. maí og hlutu þrír félagsmenn kr. 7.500 í vinning, til nota í ræktunarstarfinu. Vinningshafarnir voru Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Nanna Guðný

Sigurðardóttir, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar og Friðrikkja Jóhanna Jakobsdóttir, Skógræktarfélagi Eyfirðinga. Vonar Laufblöðungur að peningurinn hafi nýst vinningshöfum vel í sumar!

Meðlimum skógræktarféлага er bent á að passa upp á að þeir séu skráðir með virkt netfang svo að Laufblaðið skili sér örugglega til þeirra. Hver veit nema að næsta vor verði aftur efnt til Netfangaleiks og þá er eins gott að vera skráður til að eiga möguleika á vinning!